

Verklag um rannsóknastyrki til orkuskipta í skipum

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2013 eru lagðar til 50 milljónir króna sem skal verja til endurgreiðslu á allt að 20% af kostnaði upp að tilteknu hámarki við rannsóknir og/eða breytingar sem gera þarf á skipum eða innviðum hafna til að skipta yfir í innlenda orkugjafa og annað vistvænt eldsneyti eða bæta nýtingu eldsneytis. Verkefnið byggir á markmiðum um grænna hagkerfi.

Styrkveitingar til orkuskipta í skipum eru á forsvari Siglingastofnunar Íslands sem ber ábyrgð á úthlutunum til rannsókna og tilraunaverkefna. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum innanríkisráðuneytisins. Siglingastofnun annast eftirlit með framvindu og aðra umsýslu vegna verkefna sem hljóta styrki til orkuskipta.

Einvörðungu er heimilt:

„að veita styrki til verkefna sem stuðla að nýtingu á innlendri orku í skipa- og bátáflotann í stað jarðefnaeldsneytis og styrkja alþjóðasamvinnu um slík verkefni“

„að veita styrki í verkefni sem miða að notkun vistvænna eldsneytis og bættri nýtingu eldsneytis í skipum“

„að veita styrki til hönnunar eða smíði frumgerðar tækja og búnaðar til orkuskipta í skipum“

„að veita styrki til sérstakra verkefna til eflingar fræðslu og þekkingaryfirfærslu um arðsemi og umhverfislegan ávinning af orkuskiptum í skipum“

Við úthlutun styrkja til orkuskipta 2013 verður sérstök áhersla lögð á:

Orkuskipti í skipum eða innviðum hafna með áherslu á

- notkun innlendra orkugjafa
- vistvænt eldsneyti og sparnað jarðefnaeldsneytis
- öflun þekkingar á þessum sviðum og miðlun hennar
- rannsóknir, þróun og samstarf sem að þessu miðar

Athugið að styrkfjárhæð getur ekki orðið hærri en sem nemur 20% af kostnaði við að skipta yfir í innlenda eða vistvæna orkugjafa eða við það að bæta nýtingu eldsneytis.

Verklagsreglur um styrkveitingar til orkuskipta í skipum

1. Fé til úthlutunar er ákvarðað í fjárlögum hvers árs.
2. Umsóknarfrestur er 4 vikur tvisvar á ári og skal kynntur á heimasíðu Siglingastofnunar og innanríkisráðuneytisins.
3. Aðeins er veitt styrkjum í rannsóknar- og þróunarverkefni til orkuskipta í skipum eða innviðum hafna m.t.t. orkuskipta í skipum.
4. Aðeins er heimilt að sækja um styrki til breytinga á skipum sem eru skráð á Íslandi.

5. Meginregla við styrkveitingar skal vera að styrkur til orkuskipta verði aldrei hærri en sem nemur 20% af áætluðum kostnaði einstakra verkefna.
6. Umsækjendur skulu skila umsóknum til Siglingastofnunar á sérstökum umsóknareyðublöðum. Í umsókninni skal koma fram nákvæm skýring á eðli og tilgangi verkefnis, kostnaðaráætlun og fjármögnun þess, þar sem gera skal grein fyrir öðrum styrkjum sem umsækjandi hefur sótt um eða fengið til sama verkefnis.
7. Að umsóknarfresti liðnum skulu umsóknir lagðar fyrir úthlutunarnefnd.
8. Að lokinni yfirferð umsókna skulu þær ásamt fylgigögnum sendar til umsagnar fagaðila.
9. Að fengnum umsögnum tekur úthlutunarnefnd umsóknirnar ásamt umsögnum til umfjöllunar og afgreiðslu.

Útgreiðsla styrkuppþæða:

1. Styrkir skulu greiddast í þrennu lagi, þ.e. þremur jöfnum greiðslum eftir framvindu verks.
2. Fyrsta greiðsla (1/3) styrkuppþæðarinnar fer fram við upphaf verks.
3. Önnur greiðsla (1/3) er innt af hendi þegar styrkþegi metur það svo, að verk sé hálfnað og sendir greinargerð eða framvinduskýrslu þar um til Siglingastofnunar. Upplýsingar um stöðu fjármögnunar skulu fylgja framvinduskýrslu þ.m.t. upplýsingar um aðra styrki.
4. Heimilt er að leita umsagnar á framvinduskýrslu eða greinargerð styrkþega áður en önnur greiðsla styrks er innt af hendi.
5. Þriðja greiðsla (1/3) fer fram þegar styrkþegi hefur skilað lokaskýrslu um verkefnið.
6. Áður en lokagreiðsla er innt af hendi skal lokaskýrsla eða greinargerð yfirfarin af Siglingastofnun.
7. Niðurstöður og lokaskýrslur verkefna sem styrkt hafa verið skulu öllum aðgengilegar.

Skilyrði til útgreiðslu styrkja til orkuskipta eru:

1. Að fyrirliggjandi sé skrifleg staðfesting á að fjármögnun hafi gengið eftir samkvæmt umsókn.
2. Að fyrirliggjandi sé skrifleg staðfesting um að verk sé hafið.

Innanríkisráðuneyti:
Ásta Þorleifsdóttir
asta.thorleifsdottir@irr.is

Siglingastofnun Íslands
Jón Bernóðusson
jonb@sigling.is
